



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Fossvogsbrú**

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 26. október var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir við Fossvogsbrú. Hvenær munu framkvæmdir við brúna hefjast og hvenær er áætlað að þeim verði lokið? Hver er áætlaður kostnaður við verkið samkvæmt kostnaðaráætlun og hvenær var sú áætlun gerð? Þessi fyrirspurn er lögð fram til að fylgja eftir áður framkominni munnlegri fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um málið.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 2. nóvember sl.

Svar:

Áætlað er að framkvæmdir við Fossvogsbrú hefjist í lok árs 2022 með gerð fyllinga og flutningi rafmagnsstrengja, en eiginlegar framkvæmdir við brúna hefjist seinnihluta 2023. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið í upphafi árs 2025. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 2,25 milljarðar skv. frumdrögum að fyrstu lotu borgarlínu sem komu út í byrjun árs 2021 áður en brúin fór í hönnunarsamkeppni.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
starfandi samgöngustjóri